

Áfangalýsing

Titill	Veggjalist
Námsgrein	Myndlist
Viðfangsefni	Veggskreytingar (graffíti) á opinberum stöðum í samvinnu og með leyfi hlutaðeigenda.
Skammstöfun	MYNL3VL05
Staða	
Þrep	3
Einingafjöldi	5
Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla	
Lýsing	<p>Í áfanganum munu nemendur skreyta vegg (að hluta til eða heilan). Verkefnið krefst afar góðs undirbúningsins í formi hugmyndavinnu og skissugerðar og seinna að nýta sér leikni sína í hlutföllum og rúðustækkunum. Málað verður á vegginn.</p> <p>Gerðar kröfur um sjálfstæð vinnubrögð og að nemendur sýni og nýti í öllu ferlinu þá þekkingu og færni sem þeir öðluðust í MYND2VL05.</p> <p>Áfanginn er kenndur samhliða MYND2VL05.</p>
Forkröfur	MYNL2VL05
Þekkingarviðmið	<p>Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:</p> <ul style="list-style-type: none">● muninum á veggjakroti og veggjalist.● mikilvægi á góðri undirbúningsvinnu.● mikilvægi þess að fá samþykki frá viðeigandi aðila fyrir verkum sem þessum.● mikilvægi listar í umhverfinu.● að svona verk eru komin til að vera fyrir allra augum og mikilvægi þess að ljúka verkinu.
Leikniviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í :</p> <ul style="list-style-type: none">● umræðu varðandi þema og komast að sameiginlegri niðurstöðu í uppsetningu verksins● undirbúningsvinnubrögðum fyrir verk af þessari stærðargræða með skissu- og hugmyndavinnu.● mikilvægi þess að skissan sé vel svo eftirleikurinn verði léttari.● að búa til skapalón sem og nýta sér rúðustækkun vegna hlutfalla.

	<ul style="list-style-type: none"> • að mála endanlegt verk á viðkomandi vegg í viðunandi endanlegri útfærslu. • Að geta unnið veggverk frá upphafi til enda algjörlega sjálfstætt.
Hæfniviðmið	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • þekkja það ferli sem þarf að eiga sér stað til að útvega sér vegg að vinna á. • vinna veggjalist allt frá hugmyndavinnu að endanlegu verki. • geta aðstoðað og verið ráðgefandi við aðra um allt er viðkemur veggjalist
Námsmat	Áfanginn er símatsáfangi þar sem hvert viðfangsefni fær sinn ákveðna tíma. Ekkert lokapróf.
Útgáfunúmer	
Skólar	
Fyrirmynd	